# Bréf og skjöl fátækramála. 1847-1893

Aðfnr. 1016, örk 27

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Skrifstofu Árnessýslu
að
Gerðiskoti 28. febr. 1887.

Guðmundur Jónsson
á Grímstaðaholti

Hreppsnefndaroddvitinn í Grímsneshreppi, hefir, í umboði hreppsnefndarinnar þar, með bréfi af 18. þ. m. skrifað mér svohljóðandi:
„Í mikilsvirtu bréfi, af 11. þ. m. tilkynnið þér, herra sýslumaður, hreppsnefndinni hér, bréf bæjarfógetans í Reykjavík, dags. 20. des. f. á. viðvíkjandi því, hvort nefndin hér kannist við Guðmund nokkurn Jónsson, er kveðst sig ættaðan úr Grímsnesi, sem hefir fengið fátækrastyrk af bæjarsjóði Reykjavíkur, handa sér, konu sinni og barni, þá vil ég hér með, í tilefni af mikilsvirtum bréfum, gjöra eptirfylgjandi skýringu:"
„Sé hinn umræddi Guðmundur, fæddur og uppalinn á Snæfoksstöðum hér í hreppi, þá kannast nefndin við hann, að því leyti, að hann á næstl. hausti beiddist eptir að fá styrk af fátækrafé Grímsneshrepps, sem nefndin með bréfi 20. nóv. f. á. synjaði honum um, af þeirri ástæðu, að hann, þrátt fyrir óborgaðan og óeptirgefinn sveitarstyrk, sem hann fékk

Rfsfnr 182/87

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

epti bán Finni, þegar hann var við búhokur í Staðarsveitarhreppi árið 1871, er nú, líklega fyrir fáum árum, og nefndinni hér óafvitandi inngenginn í hjónaband, sem stríðir á móti ákvæðum tilskipunar 30. april 1824, sem nefndin hefir byggt á neitunarsvar sitt við téðan Guðmund, sem skrifar sig á ~~Nýjabæ~~ á Grímsstaðaholti."

„Í annan stað, sé þetta sami maður og bréf bæjarfógetans hljóðar um, telur nefndin næsta líklegt, að hann sjálfur borgi þessa skuld sína, þar sem hann hefir mikla burði til að leyta sér atvinnu og ekki nema eitt barn fram að færa, sem ómaga".

„En, hvað sem því veldur, að hann er nú orðinn hjálparþurfi af fátækrafé ~~styrk~~ fé, heldur nefndin áfram neitun sinni, með að leggja honum - eða borga fyrir hann þegin lán af fátækrafé Grímsneshrepps, af sögðum ástæðum, sem nefndin skoðar fullnægjandi, samkv. nýnefndri tilskipun, til þess, að hún hafi ekki, meira að segja, heimild til gagnvart því félagi, sem hún á að hafa umsjón yfir".

"En sé nú þetta annar maður en hér ræðir um, kannast nefndin ekki við hann, án frekari upplýsinga." # #

Þetta undanfelli ég ekki hér með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að tilkynna Yður, herra Bæjarfógeti, til þóknanlegrar athugunar.

Með virðingu.

St. Bjarnarson

Til
Bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.

HRAUNGERDI 12/3

REYKJAVIK 14/3

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með brjefi dagsettu 1. þ.m. hefur þú kvartað undan erfiðum kringumstæðum þínum, og telur það til að þú hafir ekki komist í sveit vegna veikinda konu þinnar. –

Hreppsnefndin getur ekki skilið að það sje rjett hermt af þjer að þú eigir konu, með því að þú stendur enn í skuld við Grímsneshrepp, og á ekki því ekki lögum samkvæmt að fá giptingu, nema með leyfi sveitarstjórnarinnar hjer. Hreppsnefndin verður því að álíta, að þú sjert enn ógiptur en búir með bústýru og að konunafnið sje misritun, en af þessu leiðir að þjer ber að leyta styrks fyrir barn þitt og veika móður þess hjá framfærslu-hreppi hennar.

Grímsneshreppi 27. Október 1886

Fyrir hönd hreppsnefndarinnar

Þorkell Jónsson.

Til Guðmundar Jónssonar á Nýjabæ hjá Grímsstöðum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Guðmundur Jónsson

á Nýjabæ, við

Grímsstaði

í Seltjarnarneshreppi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hreppsnefndin í Grímsnesshreppi, hefur nú á ný meðtekið bréf frá yður dagsett 6. þ. m. sem er mest útásetningar, á bréf nefndarinnar af 27. f. m. er var svar uppá bréf yðar af 1. s. m.

Þó nefndin ætlaðist til að þér gætuð skylið áminnst bréf af 27. f. m. þá bendir nú bréf yðar á það gagnstæða, þar sem þér ávítið nefndina fyrir ránghermi, lagaflækjur og einhverja ósæmilega breytni við þurfamenn sýna, og endar svo þetta merkilega ritsmíði á því, hver ábyrgðar hluti það sje að neyta yður um hinn umbeðna styrk. –

Þér kannist ekki við að hafa beðið um, eða þegið styrk af Grímsnesshreppi; þessu veldur sjálfsagt gleimska yðar, heldur en annað verra, og vill því nefndin minna yður á, að þegar þér voruð við svokallaðann búskap í Ranakoti í Stokkseyrarhreppi, beidduð þér um fátækrastyrk til lífsbjargar, og fenguð því 10 januar 1871, 5 rdl lán af fátækrafje Grímsnesshrepps; þetta hafið þér aldrei endurgoldið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þegar nefndin hér leytaði eptir borgun hjá ydur fyrir milligaungu Síra Stefáns Stephensens sem þá var á Ólafsvöllum - en þér voruð vinnumaður í Ólafsvallasókn - þá kannist þér vil við skuldina, en sökum þess að þér höfðuð barn að annast höfðuð þér engin ráð með að greiða þéða 5 rdl. - : 10 krónur. -

Útfarar kostnaður Steinunnar heit. Þorvarðardóttur, - fyrverandi bústýra ydar, sem dó 1874, kemur þessu máli alsekkert við; - og hugði nefndin sízt að þér farið að riffja upp þau vanskil sem vegna fátæktar ydar bökuðu Grímsneshreppi 26 krónu útgjöld, - og er því allur sá vafningar í bréfi ydar óþarfur.

Að nefndin hafi brúkað í þessu við ydur lagaflækjur, afbiður hún að svo komnu, og einð fyrir því, þó hún ráði ydur til að kynna ydur tilskipun 30. april 1824 áður en þér veitið nefndinni frekari átölur fyrir vanrækt á skyldu sinni, og á meðan þér ekki sannið að þér sjeuð

nefn

löglega komin í hjónaband.
Að óborgaðri og óeptirgefinni sveitarskuld
skilur nefndin svo stöðu sýna; að hún hafi
enga heimild til að styrkja yður af fátækra
fje þess hrepps sem hún hefur skyldu til að
gæta hagsmuna í því sem honum kemur við.
Nefndin vonar að þjer nú sjáið af framanskráðu
hverju vegna hún ekki getur orðið við bón yðar
nefnilega því; að þjer hafið inngengið hjónaband
að óborgaðri sveitarskuld, og hlýtur ábyrgð
sú sem þar af leiðir, að hvíla á öðrum en hrepps-
nefnd Grímsneshrepps.

Í umboði hreppsnefndarinnar í

Grímsneshreppi 20. nóvember 1886

J. Stephensen    Þorkell Jónsson

Til

herra Guðmundar Jónssonar, á Nýjabæ

í Grímstaðaholti í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Guðmundur Jónsson,

í Grímstaðaholti

við/ Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur